FLÓTTI SEM ER ENGINN FLÓTTI

Borgarbíóið:
Flóttinn frá Folsom fangelsinu (The Jerico Mile)
Bandarísk. Árgerð 1978. Leikstjóri: Michael Mann.



Kvikmyndir
eftir Guðjón Arngrímsson

Aðalhlutverk: Peter Strauss, Richard Lawson, Roger E, Mosely

Flóttinn frá Folsom fangelsinu þykir mér undalegt og villandi nafn á þessari mynd. Þetta er ekki flóttamynd. Að vísu gerist hún í fangelsi, en enginn fanganna gerir hina minnstu tilraun til flótta nokkru sinni.

Mynd þessi er um fanga nokkurn sem situr inni fyrir morð á föður sínum, og til að drepa tímann til æviloka, þá hleypur hann og hleypur, og þjálfar líkama sinn sem mest hann má. Áður en langt um líður er hann uppgvötaður af frjálsíþróttaþjálfurum, og þeir fá hann til að etja kappi við nokkra af bestu hlaupurum bandaríkjanna. Hann sigrar, viti menn, og leiðin á Ólympíuleikana virðist greið. En það er öðru nær.

Þetta er sumsé fyrst og fremst íþróttamynd. Höfundar hennar reyna þó aðeins að blanda sálarlífi hlauparans saman við, sem er vel, en einnig ýmisskonar ruglingi um lífið inni í fangelsinu, sem er slæmt. Það hefur þær afleiðingar að lengi vel lítur út eins og myndin eigi ekki að vera um hlauparann, heldur einhverskonar kynþáttabaráttu, og smástyrjaldir innan múranna. Þrátt fyrir það sundurleysi sem þessu fylgir, og



Peter Strauss hleypur mikið og hratt í mynd Borgarbíós

afar slæmur hljómburður kvikmyndahússins ýtir undir, gengur jerikómílan rökrétt upp. Vandaður leikur Peter Strauss í aðalhlutverkinu hefur þar mest að segja, enda sumir auka leikaranna ekki uppá marga fiska.

Miðað við flestar fyrri myndir kvikmyndahússins er þessi mynd hátíð, og auglýsingaplaköt á veggjunum þar benda til betri tíðar í kvikmyndavali Borgarbíós. Jerikómílan er vonandi fyrsta skrefið í þá átt.

7 á Kjarvalsstöðum

Sýning Septem-hópsins hefur nú um nokkurt skeið verið árviss viðburður í menningarlífi Reykvíkinga. Þetta mun vera 7. árið sem hópurinn sýnir. Eins og nafnið Septem bendir til eru listamennirnir sjö talsins.

Margir hafa tengt þennan hóp við september-sýningarnar, sem á sínum tíma þóttu athyglisverðustu myndlistarsýningar ársins. Septem—mennirnir segjast þó lítið eiga sameiginlegt með þeim sýningum, þótt þeir hafi sýnt á einhverjum þeirra. Þeir segjast vera gamlir kunningjar sem lengi hafi þekkst og sé það ástæðan fyrir sameiginlegu sýningarhaldi.

Það er þó ýmislegt fleira en kunningsskapurinn sem tengir saman þau Guðmundu Andrésdóttur, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Kristján Davíðsson, Sigurjón Ólafsson, Valtý Pétursson og Þorvald Skúlason. Öll eiga þau sameiginlegt að vera boðberar abstraktlistar á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina. Formræn tjáning er megininntak listar þeirra, hvort sem um pensil og striga er að ræða, eða tréskurðartæki og við eins og hjá Sigurjóni sem er eini myndhöggvarinn í þessum málarahópi.

Að þessu sinni sýnir Septem—hópurinn 60 olíumálverk og 5 höggmyndir. Mun þetta vera afrakstur eins árs vinnu, eða frá síðustu sýningu.



Myndlist
eftir Halldór Björn Runólfsson

sem á sínum tíma þóttu athyglisverðustu myndlistarsýningar ársins. Septem—mennirnir segjast þó lítið eiga sameiginlegt með þeim sýningum, þótt þeir hafi sýnt á einhverjum þeirra. Þeir segjast vera gamlir kunningjar sem lengi hafi þekkst og sé það ástæðan fyrir sameiginlegu sýningarhaldi.

Það er þó ýmislegt fleira en kunningsskapurinn sem tengir saman þau Guðmundu Andrésdóttur, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Kristján Davíðsson, Sigurjón Ólafsson, Valtý Pétursson og Þorvald Skúlason. Öll eiga þau sameiginlegt að vera boðberar abstraktlistar á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina. Formræn tjáning er megininntak listar þeirra, hvort sem um pensil og striga er að

Ég held ég megi fullyrða að öll séu verkin ný á nálinni.


Guðmunda sýnir níu myndir og er hún að ganga gegnum breytingarskeið í list sinni. Hringir þeir sem lengst af einkenndu verk hennar eru á undanhaldi fyrir slöngulaga formum, sem hlykkjast upp og niður myndir hennar. Eftir nöfnum flestra myndanna eru þessi form sprottin úr sjávar- og vatnaflórunni. Hvaðan sem þau koma, styrkja þau svipmót mynda hennar og gera þær heilsteyptari. Það er eins og þessi þaraform nái meiri snertingu við grunnflötinn en spíralarnir forðum.

Jóhannes Jóhannesson á tíu málverk að þessu sinni. Mikil gróska er í verkum hans og taka þau sífelldum breytingum. Jóhannes er próblematískur og það er erfitt að henda reiður á myndum hans. Flest eru full af innri blæbrigðum, gjarnan í formi hálfhringa sem kristalla allt málverkið og hleypa því upp. „Glæður" (30) eru gott dæmi um slíkt, stórbrotið í fjölbreytileik sínum. Þó finnst mér „Hrynjandi" (38) besta verk Jóhannesar á þessari sýningu, sterkt og þróttmikið og vel málað.

Karl Kvaran sýnir fjögur stór málverk. Tvenn ólík stílbrigði skiptast á verkum hans. Myndir nr. 1 og 3 eiga saman móti nr. 2 og 4. Þar sem Karl er yfirvegaður litaspilsmaður (koloristi), finnst mér flatamyndir hans mun sterkari og áhrifameiri en bogalínumyndirnar. „Glóð" (1) er einhver besta mynd þessarar sýningar. Á hinn bóginn verða hinar svörtu bogalínur 2. og 4. myndar of stirðbusalegar og þola því illa stækkun frá teikningunum í Ásmundarsal.

Kristján Davíðsson málar því betur sem hann málar lausar. Myndir eins og „Andlit" (59) og „Fjallatindaferðalangar" (51) eru mun kröftugri en grátónamyndirnar. Hinn lausi og spontani stíll Kristjáns krefst bókstaflega þunnra og bjartra lita. Í sumum myndum Kristjáns örlar á áhrifum frá De Kooning, en í ofangreindum verkum skín í gegn, persónulegur stíll hlaðinn húmor.

Valtýr Pétursson á flestar myndir á sýningunni, 13 að tölu. Hann er eini fígúratívi málarinn í hópnum og ég fæ enn ekki skilið hvers vegna hann söðlaði um. Öllu óskiljanlegri er samt



Frá Septem sýningunni — formræn tjáning, er megininntak listar septem-liðsins, segir Halldór Björn m.a. í umsögn sinni.

mettun Valtýs á litunum í málverkunum. Það er engu líkara en Valtýr noti of mikið af þurrkefni. Þessir dauðu litir draga niður annars formsterkar landslagsmyndir og uppstillingar. „Rauða kannan" (8) kemst einna best frá þessu litadrápi.

Framlag Þorvaldar Skúlasonar eru 12 myndir. Hér eru margar afbragðsgóðar, en þó ber hæst tvær allstórar myndir „Nafnlaus" (20) og „Dagrenning" (26). Einkum er sú síðarnefnda malerísk. Í henni tengjast litur, línur og form við næmt handbragð. Það er reyndar aðalsmerki Þorvaldar, að hann gleymir ekki áferðinni. Mættu flestir íslenskir málarar læra meira í þeim efnum, t.d. af mönnum eins og Picasso.

Lestina rekur svo Sigurjón Ólafsson með 5 höggmyndir. Enn er það tréð sem honum er hugleiknast, enda er mikill meistarabragur yfir þessum verkum hans. „Þverhaus" (64) og „Kennslukona" (62) eru létt og leikandi verk. „Hulduljóð" (61) er öllu mónumentalla og alvarlegra. Þá er „Sköpun" (63), enn eitt stórverkið sem Sigurjón vinnur í hið óhefðbundna efni frauðplast og nær fram þunga, sem algerlega brýtur í bága við þetta fislétta efni.

Þess skal að lokum getið að sýningin stendur fram til 21. september.

Úr afkimum þjóðfélagsins

Stefán Unnsteinsson:
Stattu þig drengur
— þættir af Sævari Ciesielski, 149 bls. Iðunn 1980.

Þessi bók skiptist í þrjá hluta sem hver er með sínu sérstaka svipmóti.



Bókmenntir
eftir Gunnlaug Astgeirsson

Fyrsti hlutinn er kallaður Sjálfsmynd Sævars. Þar lætur höfundurinn Sævar segja frá æviferli sínum í fyrstu persónu. Þessi frásögn er fremur stutt og yfirborðsleg þar sem sagt er frá helstu atburðum sem hent hafa og þeim stöðum sem Sævar hefur dvalist á. Í frásögninni er aðaláherslan á ytri atburðarakningu og er hún útaf fyrir sig æði fróðleg, en mér finnst skorta á að innri þróun sögumanns komi fram og meira vildi ég vita um það umhverfi sem hann hefur hrærst í. Það er ekki aðeins vegna venjulegrar forvitni sem ég segi þetta, því í lokakaflanum gerir Stefán mjög mikið úr ábyrgð samfélagsins á því að Sævar varð eins og raun ber vitni. Það er að vísu eilíft deilumál hver sé hlutur samfélagsins annarsvegar og einstaklingsins hinsvegar í mótun þeirra örlaga sem einstaklingnum skapast og víst er um það að það er margflókið samspil sem ég ætla ekki að kveða neitt uppúr um, en til þess að röksemdafærslan verði trúverðug þarf að liggja fyrir meiri vitneskja um einstaklinginn og hans nánasta umhverfi en hér kemur fram.

Ferill Sævars er nánast sálfræðilegt skólabókardæmi um barn sem á við erfiðar aðstæður að stríða í bernsku og verður snemma taugaveiklaður og óöruggur og þegar hann kemur í skóla er stofnunin engan veginn tilbúin að bregðast við afbrigðilegum einstaklingi og þær ráðstafanir sem gerðar eru frekar til þess fallnar að magna neikvæða þætti í fari hans en að draga úr þeim. Þar með er mörkuð þróun sem leiðir til smáglæpamennsku og þaðan til stærri afbrota og síðferðilegs skipbrots.

Annar hluti bókarinnar eru umsagnir nokkurra aðila sem átt hafa samskipti við Sævar og nefnist sá kafli Myndir annarra af Sævari.

Þar er fyrst álitsgerð geðlæknis um geðheilbrigði og sakhæfi Sævars. Ekki finnst mér þessi álitsgerð ýkja merkilegt plagg og næsta undarlegt að geðlæknir skuli láta svo sem maður sem verið hefur í heils árs einangrun sé að koma utan af götunni.


Önnur frásögnin er eftir mann sem var sem unglingur samtíða Sævari í sveit þegar hann var 9 og 10 ára. Þessi frásögn fyllir óneitanlega nokkuð út í þá mynd sem fram kemur í fyrsta hluta bókarinnar.

Þriðja frásögnin er eftir kennara Sævars í 10 ára bekk Austurbæjarskólans og styður sú frásögn það sem hér að framan var getið um, óhæfi skólans til að fást við afbrigðilega einstaklinga.

Síðustu tvær frásagnirnar eru mjög fróðlegar. Þar segir annarsvegar frá félagi Sævars í smáglæpunum og veitir hún nokkra innsýn í heim afbrotaunglinga á sveðinu í kringum Laugaveginn. Hin frásögnin er eftir gamlan hippa sem einnig umgekkst Sævar um tíma og veitir sömuleiðis fróðlegar upplýsingar um veröldina sem hann lifði í.

Allar eiga þessar frásagnir sameiginlegt að styrkja verulega þá mynd sem fram kemur í upphafskaflanum.

Síðasti hluti bókarinnar heitir Frá Stóra-Hofi að Litla-Hrauni. Er hér um að ræða greiningu Stefáns Unnsteinssonar og



Sævar Ciesielski — bókin er félagsfræðileg og sálfræðileg úttekt á samfélagi og einstaklingi sem orðið hefur illa úti í lífsbaráttunni, segir Gunnlaugur m.a. í umsögn sinni.

túlkun á því sem gerst hefur. Fléttar hann þar saman greiningu á þróun íslensks samfélags síðustu áratugi og æviferil og persónuleika þróun Sævars Ciesielski. Í þessum athugunum Stefáns er margt skarplega athugað. Sérstaklega finnst mér umhugsunarverð greining hans á breytingum á íslenskri blaðamennsku á síðustu árum, þar sem hann leiðir rök að því að samkeppni blaðanna og þá einkum síðdegisblaðanna um að selja skandala og æsifréttir hafi leitt til óeðlilegs þrýstings á rannsóknarmenn mannshvarfsmálanna og orsakað ofurkapp þeirra til að komast að einhverri niðurstöðu.

Annað sem vekur fleiri og alvarlegri spurningar er umfjöllun Stefáns um meðferð fanganna og gang yfirheyrslna. Hvað gerist innan veggja fangelsanna og hvernig getum við komist að því? Mun lögreglan nokkurntíma viðurkenna að hafa beitt líkamlegum misþyrmingum og andlegum pyntingum þó svo að ásakanir um slíkt eigi við verulega rök að styðjast. Hvers mega sín grunaðir afbrotamenn gagnvart samsæri þagnar lögreglu og fangavarða? Þessar spurningar verða mjög áleitnar við þennan lestur og það læðist að manni grunur um að maður sjálfur og allur almenningur kæri sig ekkert um að vita hvað gerist í lokaðri veröld fangelsisins og sé einum of auðtrúa á að þar sé allt í lukkunnar velstandi. Og það sem verra er: það er enginn aðili til í kerfinu sem fær er um að leiðrétta það sem miður fer og upplýsa sannleikann um það sem gerist í sakamálarannsókn.